

22. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 21. júní 2005

Haldinn þriðjudaginn 21. júní 2005 kl. 12:30 hjá Ísor.

Mætt: Helga Tulinius, María J. Gunnarsdóttir, Benedikt Steingrímsson, Guðlaugur Þór Pálsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Forföll. Bjarni Reykr Kristjánsson.

Fundur með framkvæmdastjóra Barnaheilla.

MJG og HT greindu frá fundi með Kristínu Jónasdóttur, framkvæmdastjóra Barnaheilla, um hugsanlegt samstarf Save the Children í Kampala við Candle Light Foundation/Alnæmisbörn. Erindinu var vel tekið og mun framkvæmdastjórinn leggja það fyrir stjórn Barnaheilla við fyrstu hentugleika. Barnaheill sinnir börnum að 18 ára aldri. ÞSv skrifi formlegt bréf frá stjórn Alnæmisbarna til stjórnar Barnaheilla.

Rekstrarstyrkur ÞSSÍ.

HT telur brýnt að við reynum að fá styrk í tvö ár til viðbótar. Núverandi styrkur rennur út um áramótin. Allir samþykkir því að þann tíma þurfi til þess að aðlagast breyttum aðstæðum. ÞSv tekur að sér að skrifa framkvæmdastjóra ÞSSÍ og biðja um viðtal við hann.

Fundur með Gesti Gíslasyni.

GG er á leið til Úganda í byrjun júlí. Ákveðið að stjórn fundi með honum mánudaginn 27. júní kl. 12 hjá Samorku. Farið yfir helstu atriði sem ræða þarf við Gest og biðja hann að fylgja eftir við Rosette hjá CLF.

Samþykkt að gera uppkast að bréfi til fyrirtækja og félaga. ÞSv geri það.

Nokkuð rætt um kosti þess að kenna CLF-stelpunum á tölvurnar, t.d. með hjálp einhvers Íslendinga sem starfar í Kampala.

ÞSv ritaði fundargerð.